

Íslenskar getraunir

Samandreginn ársreikningur 2019

Íslenskar getraunir
Engjavegur 6
104 Reykjavík

kt. 570169-4169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Samandreginn tekju- og gjaldareikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8 - 10

Skýrsla og áritun stjórnenda

Félagið rekur íþróttagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1972.

Tekjuafgangur varð á rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 151,1 millj. kr. samkvæmt tekju- og gjaldareikningi, sem ráðstafað hefur verið til íþróttahreyfingarinnar og eignaraðila Íslenskra getrauna. Eigið fé félagsins í árslok 2019 nam 111,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun tekjuafgangs og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórn félagsins fylgist sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar (COVID-19) á afkomu og stöðu Íslenskra getrauna. Stjórn vekur athygli á skýringu nr. 10 þar sem fjallað er um atburði eftir reikningsskiladag.

Eignarhald

Eignaraðilar eru þrír og greinist eignaraðild þannig:

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands	70%
Ungmennafélag Íslands	20%
Íþróttanefnd ríkisins	10%

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun þess, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Íslenskra getrauna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 14. apríl 2020

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslenskra getrauna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samandreginn ársreikning Íslenskra getrauna í umboði Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samandregni ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskra getrauna á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskum getraunum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábendingarmálgrein

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu 16 þar sem fjallað er um þá óvissu og óvenjulegu aðstæður sem hafa skapast með útbreiðslu kórónuveirunnar (Covid-19) og möguleg áhrif hennar á afkomu og stöðu félagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskra getrauna.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits Íslenskra getrauna.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 14. apríl 2020

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Fríða H. Elmarsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Samandreginn tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Tekjur			
Sala		1.098.450.312	866.897.689
Aðrar tekjur		65.503.532	43.988.269
		1.163.953.844	910.885.958
Gjöld			
Vinningar og gjöld bundin veltu		821.100.233	620.957.543
Annar rekstrarkostnaður		184.310.956	178.099.462
Afskriftir	7,8	14.341.781	18.144.138
		1.019.752.970	817.201.143
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		144.200.874	93.684.815
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		6.907.439	5.467.601
Tekjuafgangur ársins		151.108.313	99.152.416
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu	6		
Til íþróttahreyfingarinnar		139.108.313	91.152.416
Til eignaraðila		12.000.000	8.000.000
		151.108.313	99.152.416

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir			
	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	3,7	31.483.488	22.465.425
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,8	<u>1.545.125</u>	<u>2.872.447</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		44.115.980	46.034.473
Handbært fé	5	<u>289.814.010</u>	<u>230.413.529</u>
Veltufjármunir samtals		<u>333.929.990</u>	<u>276.448.002</u>
Eignir samtals		<u><u>366.958.603</u></u>	<u><u>301.785.874</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Varasjóður	9	<u>111.266.348</u>	<u>105.774.096</u>
Eigið fé samtals		<u>111.266.348</u>	<u>105.774.096</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt til íþróttasamtaka		235.952.689	170.754.878
Ósóttir vinningar		6.063.040	9.815.611
Aðrar skammtímaskuldir		<u>13.676.526</u>	<u>15.441.289</u>
Skuldir samtals		<u>255.692.255</u>	<u>196.011.778</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>366.958.603</u></u>	<u><u>301.785.874</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Tekjuafgangur ársins		151.108.313	99.152.416
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7,8	14.341.781	18.144.138
Tillag í varasjóð		5.492.252	4.334.488
		<u>170.942.346</u>	<u>121.631.042</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, lækkun (hækkun)		1.918.493	(1.669.046)
Skammtímaskuldir, hækkun		59.680.477	20.395.459
		<u>61.598.970</u>	<u>18.726.413</u>
		Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>232.541.316</u>	<u>140.357.455</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum		(22.032.522)	(467.525)
		<u>(22.032.522)</u>	<u>(467.525)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu:	6		
Til íþróttahreyfingarinnar		(139.108.313)	(91.152.416)
Til eignaraðila		(12.000.000)	(8.000.000)
		<u>(151.108.313)</u>	<u>(99.152.416)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Breyting á handbæru fé		59.400.481	40.737.514
Handbært fé í ársbyrjun		<u>230.413.529</u>	<u>189.676.015</u>
Handbært fé í árslok	5	<u>289.814.010</u>	<u>230.413.529</u>

Skýringar

1. Lög og reglur

Íslenskar getraunir voru stofnaðar til að starfrækja íþróttgetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1972, til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands.

Samkvæmt reglugerð sem sett hefur verið með hliðsjón af lögum nr. 59/1972, starfrækja Íslenskar getraunir fimm íþróttgetraunaleiki, getraunaleikinn 1X2 í samstarfi við AB Svenska Spel í Svíþjóð og fleiri getrauna fyrirtæki, getraunaleikinn LENGJUNA, getraunaleikinn LENGJAN BEINT auk tímabundinna aukagetraunaleikja og "hópleikja" í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins. Í reglugerðinni er m.a. að finna ákvæði um vinningshlutfall og skiptingu vinninga.

Samkvæmt lögnum telst til kostnaðar 0,5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenskar getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Íslenskra getrauna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum.

3. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

5. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymisýfirlits.

6. Ráðstöfun tekjuafgangs

Framlög til íþróttahreyfingarinnar greinast þannig:	2019	2018
Félagaáheiti, sölulaun og framlög	98.725.093	59.268.268
Héraðssambönd	32.953.509	26.006.931
Sérsambönd	7.429.711	5.877.217
	<u>139.108.313</u>	<u>91.152.416</u>
Framlög til eignaraðila greinast þannig:		
Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, 70%	8.400.000	5.600.000
Ungmennafélag Íslands, 20%	2.400.000	1.600.000
Íþróttanefnd ríkisins, 10%	1.200.000	800.000
	<u>12.000.000</u>	<u>8.000.000</u>

Skýringar, frh.:

7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	79.471.246	79.471.246
Afskrifað áður	(57.005.821)	(57.005.821)
Bókfært verð 1.1.2019	<u>22.465.425</u>	<u>22.465.425</u>
Viðbót á árinu	22.032.522	22.032.522
Heildarverð aflagðra eigna	(40.115.881)	(40.115.881)
Afskrifað á árinu	(13.014.459)	(13.014.459)
Aflagðar eignir færðar út	4.011.588	4.011.588
Uppsöfnuð afskrift aflagðra eigna	36.104.293	36.104.293
Bókfært verð 31.12.2019	<u>31.483.488</u>	<u>31.483.488</u>
Heildarverð 31.12.2019	61.387.887	61.387.887
Afskrifað samtals	(29.904.399)	(29.904.399)
Bókfært verð 31.12.2019	<u>31.483.488</u>	<u>31.483.488</u>
Afskriftarhlutföll	20%	

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	6.721.609	6.721.609
Afskrifað áður	(3.849.162)	(3.849.162)
Bókfært verð 1.1.2019	<u>2.872.447</u>	<u>2.872.447</u>
Afskrifað á árinu	(1.327.322)	(1.327.322)
Bókfært verð 31.12.2019	<u>1.545.125</u>	<u>1.545.125</u>
Heildarverð 31.12.2019	6.721.609	6.721.609
Afskrifað samtals	(5.176.484)	(5.176.484)
Bókfært verð 31.12.2019	<u>1.545.125</u>	<u>1.545.125</u>
Afskriftahlutföll	20-33%	
Áætlaður nýtingartími	3-5 ár	

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður
Varasjóður 1.1.2018	101.439.608
Tillag í varasjóð	4.334.488
Varasjóður 1.1.2019	105.774.096
Tillag í varasjóð	5.492.252
Varasjóður 31.12.2019	<u>111.266.348</u>

Skýringar, frh.:

10. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórn Íslenskra getrauna fylgist sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar (COVID-19) á afkomu og stöðu félagsins. Þegar þetta er ritað hefur stærstu íþróttadeildum heimsins verið frestað og enn öðrum hætt. Á þessum tímapunkti er ekki hægt að meta heildaráhrif COVID-19 á rekstur og efnahag félagsins en það sem af er hafa verið neikvæð áhrif á sölu getraunaleikja. Ljóst er að fjárhagsáætlun 2020 mun þarfnast víðtækrar endurskoðunar þegar kemur fram á sumar og mál hafa skýrst betur. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa fjallað um nokkrar mögulegar sviðsmyndir til að undirbúa viðbrögð í rekstri. Það er mat stjórnar, þrátt fyrir mögulegan samdrátt á árinu, að ekki leiki neinn vafi á rekstrarhæfi félagsins við samþykkt ársreikningsins þar sem lausafjárstaða er traust.